

|                            |                              |
|----------------------------|------------------------------|
| <b>Verkefni:</b>           | Stjórnarfundur Gígjunnar     |
| <b>Dagsetning fundar:</b>  | 9. mars 2015.                |
| <b>Tímasetning fundar:</b> | kl. 18:00 - 19:00            |
| <b>Fundarstaður:</b>       | Gamla vínhúsið, Hafnarfirði. |

**Stjórnarmenn / fundarmenn:**

|                           |               |             |
|---------------------------|---------------|-------------|
| Þórhildur Kristjánsdóttir | formaður      | skype       |
| Dagbjört Ottósdóttir      | varaformaður  | mætt        |
| Ragnheiður Helgadóttir    | ritari        | mætt        |
| Guðlaug Ásgeirsdóttir     | gjaldkeri     | fjarverandi |
| Anna Lilja Ottósdóttir    | meðstjórnandi | skype       |
| Aðalheiður Gunnarsdóttir  | vefstjóri     | mætt        |

**Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:****1. Samningur við Fjölís**

Þórhildur fór á fund fyrir hönd Gígjunnar sem Fjölís boðaði til. Á fundinn mættu fulltrúar frá Sambandi karlakóra, Sambandi blandaðra kóra og Landssambandi kvennakóra, ásamt nokkrum félögum úr Fjölís sem hafa hagsmuna að gæta.

Það er í rauninni ekki til neitt sem segir Fjölís hver notkunin er á lögum aðildarfélagum og hvað mikið er fjölrítið. Gerðir voru samningar við marga kóra um og eftir árið 2004 þar sem sama samningsfyrirmynd var notuð, en þeir samningar eru að hluta til úreltir.

Því er stefnan tekin á að kórasamböndin geri einn samning fyrir sína aðildarkóra sem væntanlega yrði til þess að hægt væri að semja um betri kjör fyrir kórana. Þórhildur mun semja bréf sem sent verður til allra formanna kvennakóra og leitað verður eftir umboði þeirra, svo hægt verði að gera nýjan samning við Fjölís fyrir alla.

**2. Kvennakóratónleikar í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna**

Ákveðið var að Dagbjört tæki sæti Guðlaugar í afmælisnefnd vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna. Nefndina skipa auk hennar Margrét Pálmadóttir og Heiða Gunnarsdóttir.

Talað var um að hafa aðventutónleika í nóvember 2015. Það þarf að finna húsnaði og ákveða dagsetningu.

### 3. Norræn kvennakórasamtök

Fundur verður haldinn þann 30. maí 2015 í Stokkhólmi þar sem fulltrúar frá norrænum kvennakórasamtökum munu hittast og ræða samstarf sín á milli. Ákveðið var að leita eftir styrk fyrir Dagbjörtu og Guðlaugu til þess að þær gætu farið á fundinn fyrir hönd stjórnar Gígjunnar.

### 4. Landsmót kvennakóra á Ísafirði.

Stjórnarmeðlimir voru mjög ánægðar með bréf varðandi framkvæmd landsmóta sem Gróa Hreinsdóttir sendi til Gígjunnar, margt sem kom þar fram sem vert er að íhuga. Þar komu fram spurningar um hvort landsmótið ætti að byrja á fimmtudegi og lengja þannig mótið um einn dag. Fækka lögum á hvern kór á tónleikum kóra og hafa tímamörk. Jafnvel leggja meiri áherslu á smiðjur og hafa einn tónleikadag en dreifa söng kóranna yfir alla dagana, ekki hafa tvo tónleikadaga.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Ragnheiður Helgadóttir